

9. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 9. gr. laga nr. 84/1970 um Háskóla Íslands, sbr. háskólareglugerð nr. 76/1958, 87. gr., og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 25. júní 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 319.

2. júlí 1975.

REGLUGERÐ

um álagningu gatnagerðargjalds við byggðar götur á Breiðdalsvík.

1. gr.

Húseigendur á Breiðdalsvík skulu greiða til sveitarsjóðs Breiðdalshrepps gatnagerðargjald fyrir hús og lóðir um leið og götur eru lagðar bundnu slitlagi.

Til útreiknings skal nota eftirfarandi einingartölur:

A. 1. Einbýli-hús m/bifreiðargeymslu að 400 m ³	kr. 120 000.00
2. Parhús að 400 m ³	— 100 000.00
3. Raðhús á einni hæð að 400 m ³ , tvíbýlishús á 2 hæðum og tveggja hæða íbúðarhús m/4 íbúðum	— 80 000.00
4. Raðhús á 2 hæðum að 400 m ³	— 60 000.00
5. Fjölbýlishús á 2 hæðum m/8 íbúðum að 300 m ³	— 50 000.00
6. Fjölbýlishús á 3 hæðum m/fl. en 8 íb. að 300 m ³	— 35 000.00
7. Verslunar- og skrifstofuhús per m ³	— 200.00
8. Iðnaðarhús og vörugeymslur per m ³	— 150.00
9. Umframstærðir í íbúðarhúsum per m ³	— 200.00
10. Ef byggt er við eldri hús og stærð þeirra verður meiri en lágmarksstærð skal greiða sama gjald fyrir umframstærðir og áður greinir.	

B. 1. Lóðarhafar greiði í gatnagerðargjald kr. 40.00 pr m² lóðar.

C. 1. Bifreiðarstæði greiða húseigendur sjálfir. Öll gjöld eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar í nóvember 1974.

2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá byggingarvísitölu, sem í gildi er þegar lagning bundins slitlags fer fram.

3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt á fimm árum með jöfnum afborgunum. Gjald dagar eru 15. júlí ár hvert, í fyrsta sinn sama ár og lagning bundins slitlags fer fram. Lokagreiðslu skal þó ekki innheimta fyrir en endanlega hefur verið gengið frá viðkomandi götu.

4. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvila, næstu tvö ár eftir gjalddaga og tekur einnig til vátryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt reglugerð þessari lögtaki, samkvæmt lögum nr. 29/1885.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Breiðdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1975.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Guðmundur Karl Jónsson.

10. júlí 1975.

Nr. 320.

G J A L D S K R Á

Hitaveitu Flúða og nágrennis.

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upp-hitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins eru sem hér segir:

- a) Fastagjald kr. 1 690.00 á mánuði fyrir aðalhemil fyrir gróðurhús og kr. 1 080.00 á mánuði fyrir önnur hús.
 - b) Vatnsgjald fyrir gróðurhús kr. 125.00 á mánuði og kr. 600.00 á mánuði fyrir önnur hús fyrir hvern mínútulítra.
- Á gjöld þessi leggst söluskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma.

4. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafín til greiðslu annan hvern mánuð og skulu þau greiddast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjaldldagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjaldldaga.

5. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Flúða skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:
Hús allt að 300 m³ að utanmáli kr. 70 000.00.